

Innkaupastefna Ríkisútvarpsins ohf.

Gildissvið

Innkaupastefna Ríkisútvarpsins ohf. er byggð á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og stefnu ríkisins um sjálfbær innkaup frá 2021.

Innkaupastefnan nær til starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. og dótturfélaga. Í innkaupastefnunni er skýr framtíðarsýn um framsækin og sjálfbær innkaup sem taka mið af umhverfis- og loftslagssjónarmiðum.

Markmið

Markmið innkaupastefnu Ríkisútvarpsins er að tryggja að öll innkaup séu sjálfbær, hagkvæm, gegnsæ og samfélagslega ábyrg.

Ríkisútvarpið setur sér eftirfarandi vinnureglur:

- Að leita ávallt leiða til þess að tryggja val á umhverfisvottuðum vörum og að vistvæn innkaup verði almenn regla. Ákvarðanir um innkaup séu í takt við áherslur í umhverfis – og loftlagsstefnu RÚV og fylgi áherslu ríkisins um græn skref.
 - Að leita ávallt hagstæðustu leiða í öllum innkaupum.
 - Að leitast ávallt við að nýta rammameningu Ríkiskaupa, þar sem þeim verður við komið.
 - Að stafræn innkaup verði eflað og greiningatól og mælaborð nýtt til aukinnar innsýnar og samanburðar varðandi helstu útgjaldaflokka.
 - Að samningar og innkaup byggist á samfélagslegri ábyrgð og gegnsæi aukið með markvissri framsetningu gagna um innkaup gagnvart starfsfólki.
- Að allir starfsmenn þekki markmiðin í innkaupastefnu RÚV.

Efstaleiti 1
150 Reykjavík

Ábyrgð og skipulagning innkaupa

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á innkaupum skv. lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup. Innkaupareglur og innkaupaaðferðir eru skýrar og gegnsæjar. Öll innkaup eiga að fylgja samþykktum verklagsreglum.

Eftirlit og eftirfylgni

Mikilvægt er að vel sé staðið að eftirliti með opinberum innkaupum. Eigi sjaldnar en einu sinni á ári er farið yfir innkaup og lagt mat á árangur innkaupastefnunnar.

+354 515 3000
sími

Kaup á dagskrárefni

RÚV kaupir dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum og framleiðir í öðrum tilvikum dagskrárefni í samstarfi við sjálfstæða framleiðendur. RÚV fer eftir ákvæðum sem koma fram í þjónustusamningi RÚV við menningar- og viðskiptaráðuneytið um kaup dagskrárefnis af sjálfstæðum framleiðendum.

Við kaup á dagskrárefni eru lögð áhersla á gagnsæi og fagmennsku. Dagskrárstjóri sjónvarps ber ábyrgð á innkaupum sjónvarpsefnis. Þegar RÚV á frumkvæðið að gerð sjónvarpsefnis er metið hverju sinni, út frá eðli og umfangi efnis auk sjónarmiða er varða hagkvæmni, gæði, fagmennsku og ritstjórnarstefnu, hvort frekar eigi að framleiða efnið innanhúss eða leita til sjálfstæðra framleiðenda.

600307-0450
kt.